

Tilmæli	13/2024
Tillaga	A 1966/UVU
Afgreiðsla	Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

## Nefndarálit um svar við tilmælum 13/2024

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin leggur til að Norðurlandaráð færi svarið til bókar og líti svo á að afgreiðslu tilmæla 13/2024 um sameiginlegar norrænar byggingartæknireglugerðir og kröfur til að draga úr kostnaði og efla samkeppni sé lokið af hálfu ráðsins.

### Bakgrunnsupplýsingar

Tilmælin eru svohljóðandi:

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna

að hefja vinnu að því að kortleggja regluverk og reglugerðir norrænu landanna og greina og minnka mun milli þeirra. Markmiðið er að skapa sem best samstarf og samþættingu milli faggreina á Norðurlöndum, sem er nokkuð sem getur aukið sveigjanleika á vinnumarkaði og skapað tækifæri til að hraða á uppbyggingu húsnæðis.

### Svar frá norrænu ríkisstjórnunum

Árið 2018 samþykkti Norræna ráðherranefndin að hefja vinnu við samræmingu byggingarreglugerða á Norðurlöndum í tengslum við losun gróðurhúsalofttegunda.

Árið 2019 sendu norrænir ráðherra byggingar- og húsnæðismála frá sér sameiginlega yfirlýsingu þar sem lögð er áhersla á mikilvægi þess að vinna saman að sjálfbærum byggingar- og húsnæðisgeira á Norðurlöndum sem tekur mið af hringrásarhugsun og þar sem loftslags- og umhverfisáhrif eru í lágmarki. Þess vegna fóru þeir af stað með framkvæmdaáætlunina „Sjálfbær og samkeppnishæfur byggingariðnaður á Norðurlöndum“ sem unnin er innan verkefnisins Nordic Sustainable Construction.

Nordic Sustainable Construction vinnur með samráð, þekkingarmiðlun, samvinnu og samræmda norræna vegferð að sjálfbærum byggingariðnaði. Meðal annars er unnið með samræmingu lífsferilsgreininga á Norðurlöndum og samdrætti í losun frá



byggingarstöðum með regluasetningu, samræmingu, rannsóknnum og viðmiðunarreglum.

Í ágúst 2024 komu norrænir ráðherrar húsnæðis- og byggingarmála saman í Gautaborg og komu sér saman um að fela skrifstofunni og stýrihóp um samræmingu norrænna byggingarreglugerða umboð til að skipuleggja norrænt samstarf á sviði byggingar- og húsnæðismála fyrir tímabilið 2025–2030 með áherslu á loftslagsmál, hringrásarhagkerfi, stafvæðingu og ESB. Sú vinna stendur nú yfir.

Norrænu ríkisstjórnirnar telja hér með að orðið hafi verið við tilmælunum að hluta.

### **Sjónarmið nefndarinnar**

Í svari ríkisstjórnanna við þingmannatillögunni kemur frá árinu 2018 hafi margt verið gert á þessu sviði. Flest er gert innan verkefnisins Nordic Sustainable Construction og framkvæmdaáætlunar þess, „Sjálfbær og samkeppnishæfur byggingariðnarður á Norðurlöndum“.

Árið 2024 fólu norrænir ráðherrar húsnæðis- og byggingarmála skrifstofunni og stýrihóp um samræmingu norrænna byggingarreglugerða umboð til að skipuleggja norrænt samstarf á sviði byggingar- og húsnæðismála fyrir tímabilið 2025–2030 með áherslu á loftslagsmál, hringrásarhagkerfi, stafvæðingu og ESB. Sú vinna stendur nú yfir.

Þrátt fyrir að svarið uppfylli ekki beint tilmælin um að kortleggja regluverk og reglugerðir norrænu landanna og greina og minnka mun milli þeirra má líta svo á að svarið og vinnan að þessum málum sé það umfangsmikið að nefndin telur að orðið hafi verið við tilmælunum.

Kaupmannahöfn, 25. febrúar 2025

*Gunilla Carlsson (S)*

*Jani Kokko (sd)*

*Per-Arne Håkansson (S)*

*Ann-Sofie Alm (M)*

*Liv Kari Eskeland (H)*

*Kjell-Arne Ottosson (KD),*

*Johan Dahl (sb)*

*Sandra Listerby (Lib)*

*Ann-Christine Utterstedt (SD)*

*Erling Eidesgaard (T)*